

1854.
28. nóvbr.

21. Brjef innanríkisstjórnarinnar til amtmannsins í norður- og austurumdæminu, um að stúdent skuli skyldur að gjalda þinggjöld.

Amtmaðurinn hafði sent stjórninni til úrskurðar fyrirspurn frá sýslumanninum í Húnavatnssýslu um það, hvort Jón stúdent Thorarensen í Víðidalstungu þyrfti ekki að greiða gjöld þau, sem getið er í opnu brjefi 26. marz 1826, eða hin svo nefndu manntalsbókargjöld fyrir reikningsárið 18 $\frac{5}{4}$.

Stjórnin svarar: að þar eð Thorarensen hafi ekki á því reikningsári tamið sjer kennimannleg störf, eins og fyrir er mælt í tilskipun 3. maí 1743, verði hann ekki undan þeginn að greiða þau gjöld, er um ræðir, fyrir þann tíma.

2. desembr. **22. Brjef innanríkisstjórnarinnar til stiptamtmannsins um sóttvarnarlögin.**

Stiptamtmaðurinn hafði eptir beiðni bæjarfóetans í Reykjavík borið undir úrskurð dómsmálastjórnarinnar, hvort lögin 10. marz 1852, sem taka úr lögum hinar fyrri tilskipanir fyrir Danmörk um sóttvarnir við gulusótt og kóleru, gætu gilt á Íslandi.

Innanríkisstjórnin, sem eins og kunnugt er af brjefi hennar til amtmannanna á Íslandi 5. júlí 1851, tók, eptir samningi við fjárstjórnarráðið, sama ár við stjórn á sóttvörnum á Íslandi, svarar stiptamtmanni: að þar eð lögin 10. marz 1852 sjeu enn ekki leidd í lög á Íslandi, þyki stjórninni ísjárvert, að láta nú gjöra það, einkum þegar verzlunin er nú látin laus fyrir útlendar þjóðir, og skal því framvegis farið eptir ákvörðunum þeim, er hingað til hafa verið lög eptir áður nefndu umburðarbrjefi stjórnarinnar 5. júlí 1851.

4. desembr. **23. Auglýsing frá innanríkisstjórninni um það, hvernig fá megi íslenzk leiðarbrjef.**

Eptir fyrirmælum íslenzku siglinga- og verzlunarlaganna 15. dag aprílmánaðar 1854, hefur innanríkisstjórnin þegnsamlegast

borið undir Hans Hátign korunginn, að innanríkisstjórnin megi í 1854. umboði konungs löggilda þau hin íslenzku leiðarbrjef, sem um er 4. desemb. getið í 5. grein tjeðra laga, og hefur Hans Hátign allramildilegast þóknazt að fallast á þessa uppástungu og einnig, að leiðarbrjef þessi skuli vera svo látandi, sem greinir í formi því, sem fest er við auglýsing þessa. Þeir, sem vilja fá íslenzkt leiðarbrjef, skulu beiða þess brjeflega eitthvert af yfirvöldum þeim, sem nefnd eru í 5. grein í lögunum 15. apríl 1854, en viki þeir bón sinni til innanríkisstjórnarinnar, skal rita bónarbrjefið á stimplaðan pappír, 4. flokk Nr. 4; með brjefi þessu skal fylgja skýrsla frá útgjörðarmanni eða útgjörðarmönnum skipsins, um nafn skipsins, heimili þess og stærð og einnig um nafn skipstjóra, eins og krafzt er í 4. gr. laganna 15. apr. 1854, og skal skýrsla þessi vera staðfest, eins og fyrir er mælt í hinni 4. grein, sem þegar var nefnd.

24. Brjef innanríkisstjórnarinnar til amtmannsins í norð- 11. desemb. ur- og austurumdæminu, um hvarf nokkurra ís- lenzkra fiskimanna.

Vorið 1852 kom sá kvittur fyrir sýslumanninn í Eyjafirði, að árinu áður hefði orðið vart við nokkra háseta Snorra Flóvents-sonar, er hvarf við 10. mann vorið 1842; hefðu Flandrarar tekið þá, og farið með þá í Flandur og væru þeir nú hafðir til fiski-veiða undir Íslandi. Rannsakaði sýslumaður málið, og sendi síðan amtmaður það til stjórnarinnar, og beiddist að hún hlutaðist til, að grenzlazt yrði eptir mönnum þessum. Stjórnin skrifaði síðan erindisrekum sínum í útlöndum til, og bað þá að fá málið rann-sakað, einkum með því að láta gjöra skrá um alla þá menn, er verið höfðu það ár á skipum þeim, er nefnd voru í vitnis-burði þeirra manna, er þóttust hafa sjeð þessa Íslendinga, skrifa þar nöfn þeirra, fæðingarstað, foreldra o. s. frv. Stjórnin hefur nú fengið nákvæma skrá um þá, sem voru á skipunum *St. Michel* og *Eleonore* 1851, og sjest af henni, að enginn Íslend-ingur hefur þá verið á þessum skipum.